



# Iðjubjálfafélag Íslands

Borgartúni 6 – 105 Reykjavík – S. 588 1885

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 135/1387**

**komudagur 12.2.2008**

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11.2.2008.


Umsögn Iðjubjálfafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til landlæknis, þskj. 591 – 351. mál.

Iðjubjálfafélag Íslands þakkar tækifæri til umsagnar um ofangreind lög.

Varðandi 31. grein, þar sem fjallað er um 2. gr. laganna og lagt er til að í stað "Háskóla Íslands og landlæknis" standi "Háskólann á Akureyri", skal bent á að nám í iðjubjálfun er kennt við iðjubjálfunarbraut Háskólans á Akureyri og þar er ekki sérstök stjórn. Stjórn Iðjubjálfafélags Íslands leggur til að orðalagi sé breytt á eftirfarandi hátt: "leita skal umsagnar háskóla eða háskóladeildar sem menntar iðjubjálfa", þar sem ekki er ólíklegt að boðið verði upp á nám við aðra háskóla en Háskólann á Akureyri í framtíðinni. Sama á við um 32. gr. sem fjallar um breytingu á 3. gr. laga um iðjubjálfun.

Varðandi 12. grein laga um iðjubjálfun, þarf einnig að fella út: "Ákvæði til bráðabirgða. Þar til námsbraut í iðjubjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Iðjubjálfafélags Íslands um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum".

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar Iðjubjálfafélags Íslands

  
Lilja Ingvarsson formaður